

Nd.

176. Frumvarp

til laga um peningamálanefnd.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson og Eiríkur Einarsson.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að skipa 5 manna nefnd til að hafa íhlutunarrétt um peningaviðskifti Íslands og útlanda. Landsstjórnin ákveður með reglugerð um starfssvið og vald nefndarinnar og ákveður sektir fyrir brot gegn henni. Skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum stjórnarinnar, og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögunni.